

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 58/2003**

**frá 16. maí 2003**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2056/2002 frá 5. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97) í XXI. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 2056:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2056/2002 frá 5. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 317, 21.11.2002, bls. 1).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 2056/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 317, 21.11.2002, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-  
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*